

Fundargerð

13. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum.
24. maí 2022 klukkan 11:00 í Hnyðju, fundarsal Þróunarsetursins á Hólmavík.

Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Arnór Snæbjörnsson (AS), Aðalsteinn Óskarsson (AÓ), Ásta Þorleifsdóttir (ÁP), Guðfinna M. Hreiðarsdóttir (GMH), Hafdís Sturlaugsdóttir (HS), Hreinn Hrafnkelsson (HH) og Lilja Magnúsdóttir (LM).

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ), Hrafnkell Á. Proppé (HÁP) og Guðrún Jensdóttir (GJ), sem ritaði fundargerð.

Hafdís Sturlaugsdóttir (HS) og Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ) tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

MJ setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá fundar:

1. Tillögur Skipulagsstofnunar um viðbrögð við ábendingum eftir samráð á vinnslutillögu.
HÁP fór yfir tillögur Skipulagsstofnunar um viðbrögð við ábendingum eftir kynningu á vinnslustigi.

Svæðisráð er sammála um að Skipulagsstofnun vinni inn þau atriði sem kynnt voru á fundi. Þau atriði lúta að uppfærslu á greinargerð og á uppdrætti, m.a. um almenn atriði sem varða breytingu á skipulagsskilmálum einstaka reita og uppfærslu á þeim upplýsingum sem birtast á uppdrætti. Eins voru svæðisbundin atriði samþykkt sem varða nýtingarflokka eða sértæk ákvæði reita, en til umfjöllunar komu Patreksfjörður, Tálknafjörður, Arnarfjörður, Önundarfjörður, Ísafjarðardjúp og Jökulfirðir.

Umræður um einstaka atriði og úrvinnslu þeirra.

2. Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.
EAÁ fór yfir breytingar sem gerðar hafa verið á greinargerð frá 11. fundi svæðisráðs. Svæðisráð kom sínum athugasemdum varðandi breytingar á orðalagi og viðbótum til skila.
3. Umhverfisskýrsla VSÓ.
Stefán Gunnar Thors frá VSÓ fór yfir breytingar sem orðið hafa á umhverfisskýrslu frá 11. fundi svæðisráðs. Svæðisráð kom sínum athugasemdum varðandi breytingar á orðalagi og viðbótum til skila.
4. Tillaga að strandsvæðisskipulagi til auglýsingar samkvæmt 12. gr. laga um skipulag haf og strandsvæða nr. 88/2018.

Svæðisráð samþykkir að auglýsa tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða 2022 ásamt umhverfisskýrslu með umræddum breytingum. Setja þarf skipulagið upp í vefsíu sem verður aðgengileg á kynningartíma.

HÁP lagði fram kynningaráætlun sem miðar af því að tillagan verði auglýst 15. júní og að kynningartími standi til 15. september. Lagt er til að haldinn verði fundur með nýjum sveitarstjórnnum áður en tillagan verði auglýst. Miðað er við að halda kynningarfundum á Bíldudal, Ísafirði og Hólmavík í vikunni 20. – 24. júní og í Reykjavík í vikunni 15.-19. ágúst. Kynningarefni verði aðgengilegt á vef sem og tillagan sjálf og fylgigögn.

Svæðisráð samþykkti tillögu að kynningartíma og kynningaráætlun.

GJ sýndi svæðisráði vefsjána og hvernig hún gæti virkað fyrir notendum hennar.

5. Önnur mál.

Samþykkt var að fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.
Fleira var ekki gert, var fundi slitið klukkan 16:40